

AUGLÝSING

um umferð í Stöðvarfjarðarkauptúni, Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Stöðvarhrepps hefur verið ákveðið, að umferð um Fjarðarbraut hafi forgangsrétt fyrir öllum aðliggjandi akstursleiðum.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 16. september 1983.

Bogi Nilsson.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Keflavíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga er hér með ákveðið, að frá 1. nóv. 1983 verði biðskylda samkv. 3. mgr. 48. gr. nefndra laga á Hringbraut við Flugvallarveg. Fellur núgildandi gagnstæð regla þá úr gildi.

Lögreglustjórinn í Keflavík, 29. september 1983.

Jón Eysteinnsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 449/1982, um innflutning á geisla-tækjum, er framleiða útfjólubláa geisla.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Innflutningur og sala á geislatækjum, er framleiða útfjólubláa geisla (solarium) er háður leyfi ráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 58/1982, um breyting á lögum nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. september 1983.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.